

# Talning tilkynninga í sískráningu

Mjög áriðandi er að talning tilkynninga í sískráningu sé samræmd. Notast er við skilgreiningar-og flokkunarkerfi í barnavernd SOF sem finna má á heimasíðu Barnaverndarstofu.

## 1. Fjöldi tilkynninga:

- Ef ein tilkynning berst um þrjú börn skal telja það sem þrjár tilkynningar.
- Ef fleiri en ein tilkynning berst um sama barnið skal telja hverja tilkynningu fyrir sig. Ef fjórar tilkynningar berast um eitt barn skal telja það sem fjórar tilkynningar.

Kyn skal skrá í öllum tilvikum, nema þegar tilkynningar berast um ófædd börn.

Kyn skal skrá á eftirfarandi hátt: drengir – stúlkur – annað (hlutlaus kynskráning).

## Tilkynningar vegna ófæddra barna:

Tilkynningar vegna ófæddra barna eru skráð sem fyrr en eru nú komin með eigin stað í lið 1, 2, 3, og 4.

Aðeins hefur staðsetning þessara mála breyst, en talningin verður enn sú saman.

Ef tilkynning berst um að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu ber að skrá það eins og aðrar tilkynningar.

## Þar af fjöldi tilkynninga sem bærast í gegnum 112:

Telja skal tilkynningar í gegnum 112 með sama hætti og áður. Athugið að þegar tilkynnandinn er talinn í þessum tilkynningum þá miðast hann við þann aðila sem hringir í 112. Ef nágrenni hringir í 112 skal merkja við nágrenna en ekki aðrir.

## 2. Fjöldi barna sem tilkynnt var um í mánuðinum:

- Ef ein tilkynning berst um þrjú börn skal telja það sem þrjú börn.
- Ef fleiri en ein tilkynning berst um sama barnið skal ekki telja sama barnið oftar en einu sinni (í viðkomandi mánuði).

## 3. Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun eða mál í könnun eða meðferðar (opið mál):

Hér skal telja samanlagðan fjölda barna þar sem tekin var ákvörðun um að hefja könnun eða mál er þegar til könnunar eða meðferðar (opið mál), af þeim börnum sem tilkynnt var um í mánuðinum. Vinsamlegast athugið að hér er verið að telja börnin, því getur fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun ekki verið hærri en fjöldi barna.

Þar af nýjar kannanir í þessum mánuði: Hér skal telja fjölda barna þar sem tekin var ákvörðun um könnun í mánuðinum, af þeim sem eru skráð í reitinn fyrir ofan.

#### **4. Ákveðið að hefja könnun á grundvelli 21. gr. bvl. á grundvelli annarra upplýsinga:**

Ef bvn. tekur ákvörðun um að hefja könnun á grundvelli 21. gr. bvl. á grundvelli annarra upplýsinga (ekki vegna tilkynningar) skal ekki skrá það sem tilkynningu, einungis að merkja við í reit 4. Þessi mál koma ekki fram í neinum öðrum reiti heldur eru einungis talin fram í lið 4.

#### **5. Ástæður tilkynninga (fjöldi tilkynninga – flokkun):**

- Ef ein tilkynning berst um þrjú börn skal flokka ástæður fyrir hvert barn (sama ástæða getur verið fyrir öll börnin).
- Ef fleiri en ein tilkynning berst um sama barnið skal telja hverja ástæðu fyrir sig. Ef nágranni tilkynnir um barn og gefur upp vanrækslu skal merkja við þá ástæðu. Ef skóli tilkynnir um sama barn og gefur upp áhættuhegðun skal merkja við þá ástæðu (sama ástæða getur líka verið gefin upp).

Athugið að einungis má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra (a,b,c og d) á að stemma við fjölda tilkynninga í sp. 1, en fjöldi innan hvers aðalflokks getur verið hærri en heildarfjöldinn.

Vakin er athygli á því að svo virðist sem ekki hafi alltaf verið rétt flokkað í flokkinn „*barn stefnir eigin heilsu í hættu*“ undir áhættuhegðun barns, en skv. flokkunarkerfinu þá er þar um að ræða tilkynningar sem varða barn sem sýnir tilburði til að skaða sjálft sig, t.d. með því að veita sjálfum sér áverka, reyna að svipta sig lífi, eða vera haldið alvarlegri átröskun.

#### **6. Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu:**

Hér skal telja fjölda barna þar sem barnaverndarnefnd taldi barnið í yfirvofandi hættu.

#### **7. Tilkynnendur:**

- Ef ein tilkynning berst frá skóla um þrjú börn verða tilkynnendur þrisvar sinnum skóli.
- Ef fleiri en ein tilkynning berst um sama barnið skal telja hvern tilkynnanda fyrir sig. Ef nágranni og ættingi tilkynna um sama barnið skal telja þá báða.
- Ef barn tilkynnir um sig sjálft er það skráð undir barn.
- Ef barn tilkynnir um t.d. systkini sín eru þær tilkynningar skráðar frá ættingja.
- Ef tilkynnandi flokkast undir „Aðrir“ skal skrá hverjir það eru. Mikil fjölgun hefur verið á tilkynningum frá öðrum og því mikilvægt að skrá hér til að hægt sé að flokka nánar hverjir aðrir eru.

Samtalan í sp. 7 á að stemma við fjölda tilkynninga í mánuðinum (sp. 1).

### Breytingar frá fyrra sískráningarblaði:

Vegna yfirvofandi breytinga á Skilgreiningar- og Flokkunarkerfi í Barnavernd hefur sískráningarblað tekið nokkrum breytingum frá því sem áður var.

- Flokkurinn *heimilisofbeldi* er ekki lengur undirflokkur undir tilfinningalegu ofbeldi heldur hefur orðið orðalagsbreyting. Nú er beðið um að skrá ef barn verður vitni af ofbeldi milli náinna aðila. Hér er átt við samskonar mál og áður voru skráð sem *heimilisofbeldi*. Breytingin er til að komast til móts við almenna orðnotkun í samfélaginu sem og auka skýrleika í samanburði við tölfraði annarra stofnanna.
- Undir flokkunum *Líkamlegt ofbeldi* sem og *kynferðislegt ofbeldi* hefur nú verið bætt við undirflokkum þar sem skal skrá ef barnið verður fyrir ofbeldi af hendi náins aðila. Þetta er í samræmi við væntanlegt skilgreiningar- og flokkunarkerfi þar sem gerður er greinamunur á ofbeldi af hendi foreldra/systkina/nánustu aðila annars vegar og annarra hins vegar.
- Undir flokknum *kynferðislegt ofbeldi* hefur nú verið bætt við undirflokki þar sem skrá skal sérstaklega ef tiltekin tilkynning varðar *stafrænt kynferðislegt ofbeldi*.
- Við höfum bætt við tveimur flokkum tilkynnenda. Annars vegar höfum við bætt við flokknum *íþrótt- og tómstundastarf* og hins vegar *aðrir í nærumhverfi barns*. Fyrri flokkurinn ætti að skýra sig sjálfur. Eftir greiningu á hvers konar tilkynnendur eru að miklu leyti flokkaðir sem *aðrir*, var ákveðið að bæta seinni flokknum við. Þetta er til að komast til móts við fjölgun tilkynninga sem hafa verið flokkaðir sem *aðrir* hingað til, því mikilvægt er að komi fram fjöldi tilkynninga frá nærumhverfi barns. Í þennan flokk færu til dæmis bæjarbúar, stjúppforeldrar, fyrrum stjúppforeldrar, foreldrar vina eða bekkjarfélaga og svo framvegis.